

Leikskólaheimsókn í fjárhúsin



Farið er að síga á seinni hluta sauðburðar þetta árið. Sauðfjárbændur hafa staðið fæðingavaktina í fjárhúsunum síðustu vikurnar og þó að álagið sé mikið er sömuleiðis mikil gleði sem fylgir þessum tíma. Börnin á Rauðu og Gulu deildum leikskólans Kríla-kots í Ólafsvík gerður sér ferð í fjárhúsin hjá Herdísi Leifsdóttur þriðjudaginn 13. maí þar sem þau fengu að upplifa stemninguna sem myndast á vorin í sveitinni.

Komu þau til þess að kíkja á kindurnar og nýfæddu lömbin. Börnin á Krílakoti duttu svo sannarlega í lukkupottinn á meðan heimsókninni stóð því Díska tók á móti lambi á meðan börnin fylgdust stóreygð með. Mikil lukka var meðal gestanna með heimsóknina en að sama skapi vöknudu fjölmargar spurningar svo að ekki var eingöngu um skemmtiferð að ræða heldur líka fræðsluferð.

SJ

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall
Guðsþjónusta í Ólafsvíkurkirkju
Sameiginleg guðsþjónusta safnaða prestakallsins, sunnudaginn 18. maí kl. 14.

Þjóðkirkjan veitir í guðsþjónustunni kórsöngvurum sem hafa sungið í kirkjukörum í 30 ár eða lengur viðurkenningu.

Góðar kaffiveitingar í boði eftir guðsþjónustuna til heiðurs kórfélögunum okkar sem hafa þjónað kirkjunni svo lengi.

Velkomin öll og alltaf.

Skólakórinn á Jaðri



Skólakór Grunnskóla Snæfellsbæjar hefur undanfarið haldið tónleika víðsvegar í Snæfellsbæ en túrinn endaði á Dvalarheimilinu Jaðri síðastliðinn mánudag. Krakkarnir sungu fjölda laga sem þau hafa verið að æfa í vetur. Sumarlög voru áberandi á tónleikunum enda voru krakkarnir komn-

ir í sumarþak. Eftir tónleikana fengu nemendur djús og kex en margir krakkar tengja heimsókn á dvalarheimilið við þá hefð. Kórinn er nú kominn í sumarfrí og voru íbúar og gestir á Jaðri glaðir að fá að njóta síðustu tóna skólaársins með þeim.

JJ

Sara og Eirný í Hyrox London

Sara Egilsdóttir og Eirný Svana Helga-dóttir lögðu land undir fót og ferðuðust á dögnum til Bretlands til að taka þátt á Hyrox móti í London. Hyrox er æfing sem samanstendur af hlaupi og stöðvum sem reyna á almennt hreysti. Þátttakendur hlaupa 1 kílómetur og klára svo eina stöð af róðri, burpees, hoppi, framstigi með þyngd eða öðrum æfingum. Þátttakendur endurtaka svo leikinn átta sinnum. Eirný og Sara tóku þátt í Hyrox parakeppni í 16 til 29 ára aldursflokki ásamt 360 öðrum liðum. Í paraflokki hlaupa báðir keppendur öll átta hlaupin en skipta svo hinum æfingunum á milli sín. Stelpurnar hafa æft að miklum krafti í CfSnb á Rífi og enduðu þær í 224 sæti í sínum flokki og klárðu á 1 klukkustund og 22 mínútum. Þær fengu eina þriggja mínútna refsingu svo lokatíminn var 1 klukkustund og 25 mínútur og fóru 47 mínútur af heildartímanum í hlaup.

SJ




Hef bætt við vöru úrvalið. Er nú með útivistarföt frá Didrikson og Viking. Ásamt því sem ég hef verið með. Sjón er sögu ríkari

Opnunartími:
Mánudagur, miðvikudagur og föstudagur:
kl 14:00 - 16:00
Þriðjudagur: kl 15:00 - 17:00



SÓLEY SAUMAR

ÚTSAUMUR
LASERSKURÐUR
FATAMERKINGAR
TÆKIFÆRISGJAFIR



Hildur SH dregin í land



Björgunarsveitin Lífsbjörg í Snæfellsbæ var kölluð út um hádegisbil þann 8. maí síðastliðinn. Dragnótabáturinn Hildur SH 777 varð þá aflvana norður af Rífi en Hildur er 33 metra skip og 475 brúttótonn. Björgunarskipið Björg var sent á staðinn og lét Hildur mjög vel í drætti. Björgunarskipið kom til heimahafnar

á Rífi þann 13. október á síðasta ári og hafa björgunarsveitarmenn síðan setið námskeið til þess að undirbúa sig fyrir aðstæður sem þessar meðal annars. Björgin hefur nú þegar sýnt sig og sannað fyrir áhöfninni sem er mjög ánægð með dráttargetu nýja björgunarskipsins.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Aðalfundur Verkalýðsfélags Snæfellinga

verður haldinn fimmtudaginn 22. maí 2025 kl. 18.00
í samkomuhúsi Grundarfjarðar

Dagskrá aðalfundar:

- Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins
- Breyting á reglugerð sjúkrasjóð
- Önnur mál

Veitingar verða í boði á fundinum

Sýnum samstöðu og fjölmennum á fundinn

Pau sem óska eftir fari á fundinn hafi samband
við skrifstofu félagsins í síma 588 9191 eða á verks@verks.is.



Stóra upplestrarkeppnin á Snæfellsnesi

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Stykkishólmi fimmtudaginn 8. maí síðastliðinn. Níu nemendur úr 7. bekkjum grunnskóla á Snæfellsnesi tóku þátt í keppninni, þrír frá Grunnskóla Snæfellsbæjar, þrír frá Grunnskóla Grundarfjarðar og þrír frá Grunnskólanum í Stykkishólmi. Þessir þrír fulltrúar úr hverjum skóla unnu sér inn sæti á Stóru upplestrarkeppninni eftir að hafa sigrað innanhúss upplestrarkeppni í sínum skóla. Í Stóru upplestrarkeppninni sem fór fram í Stykkishólmi stóð Davíð Ágúst Árnason frá Grunnskólanum í Stykkishólmi uppi sem sigurvegari, Gunnar Smári Ragnarsson frá Grundarfirði lenti í 2. sæti og Birna Maren Dagsdóttir frá Stykkishólmi lenti í 3. sæti. Hver skóli útvegaði dómara fyrir lokakeppnina og áttu þau ekki auðvelt verkefni fyrir höndum. Dórnafndina skipuðu þau Margrét Sif Sævarsdóttir frá Snæfellsbæ, Gunnar Kristjánsson frá Grundarfirði og Sesselja Kristinsdóttir frá Stykkishólmi. Nemendurnir sem lentu í



efstu þremur sætunum hlutu viðurkenningarskjal í verðlaun auk peningaupphæðar frá Landsbankanum.

Á meðfylgjandi mynd eru þau sem lentu í þremur efstu sætunum ásamt dómurum og Þóhöllu Baldursdóttur útibússtjóra Landsbankans á Snæfellsnesi.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Vortónleikar í Ólafsvíkirkirkju

Vortónleikarnir Út um græna grundu voru haldnir í Ólafsvíkirkirkju fimmtudaginn 8. maí síðastliðinn. Það voru Skólakór Snæfellsbæjar og Kirkjukór Ólafsvíkur sem stóðu að tónleikum en eins og nafnið gefur til kynna sungu kórarnir sumarleg lög með sól í hjarta þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið mjög vorlegt þennan dag. Sungu kórarnir lög saman og í sitthvorum lagi undir stjórn Veronicu Osterhammer, kórstjóra. Nanna Aðalheiður Þórðardóttir sá um undirspil með Skólakór Snæfellsbæjar og Valentina Kay sá um undirspil með kirkjukórnum. Fallegur söngur kóranna kom tónleikagestum í sumarskap og eftir tónleikana gáfu kórfélagar Veronicu, Nönnu og Valentínu blómvendi fyrir sitt framlag í kórstarfinu. Í lok kvölds var tón-



leikagestum boðið niður í safnaðarheimili Ólafsvíkirkirkju í kvöldhressingu og samveru.

SJ



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Gjöf frá Akraborg



Leikskóli Snæfellsbæjar fékk á dögunum rausnarlega gjöf frá Akraborg sem nýtt var til kaupa á námsefni til þess að styðja við verkefni okkar að efla mál og læsi fjöl- og tvítyngdra barna. Leikskóli Snæfellsbæjar hefur verið að móta og þróa leiðir til þess að bæta íslenskunám fjöl- og tvítyngdra barna ásamt því að búa til samfellu í námi á milli heimilis og skóla. Verkefnið miðar að því að skapa jafnari tækifæri fyrir

ir börn með fjölbreyttan málgrunn og styrkja færni þeirra í íslensku máli. Námsefnið mun nýtast bæði í kennslu og leik með það að markmiði að efla nám og leikgleði barnanna á fjölbreyttan og skapandi hátt. Stuðningur sem þessi skiptir miklu máli fyrir áframhaldandi þróun og gæði starfsins í leikskólanum. Börn og starfsfólk leikskóla Snæfellsbæjar færir Akraborg kærar þakkir fyrir veglega gjöf.

Víkingur - KFG



Víkingar tóku á móti KFG á Ólafsvíkurvöll laugardaginn 10. maí. Víkingar frumsýndu á þessum leik nýja búninga félagsins við mikla ánægju. Leikurinn var flautaður á klukkan 14 og 15 mínútu seinna hafði markmaður heimamanna, Jón Kristinn Elíasson sett boltann í eigið mark. Það var því komið sjálfsmark og KFG komnir einu marki yfir. Lið Víkings var ekki lengi að hrista þessi mistök af sér en Luis Romero Jorge skoraði í mark gestanna á 19. mínútu og Ingvar Freyr Þorsteinsson átti annað mark á 32. mínútu. Í hálfleik var því staðan 2-1 fyrir Víkingum. Leikurinn hélt áfram upp

á við fyrir Víkinga eftir hálfleik en Ivan Lopez Cristobal átti mark á 53. mínútu og Asmer Begic skoraði á 79. mínútu. Leikurinn fór mun betur en á horfðist á fyrstu 15 mínútum leiksins og heimamenn fóru sáttir frá borði með 4-1 sigur á KFG. Eftir tvo leiki sitja Víkingar í 3. og 4. sæti ásamt Haukum með 4 stig. Í næsta leik Íslandsmótsins mun liðið leggja land undir fót og heimsækja KFA á Reyðarfjörð laugardaginn 17. maí. Áður en það ferðalag hefst mun liðið hins vegar heimsækja Keflavík miðvikudaginn 13. maí og spila þar um miðann áfram í 8 liða úrslit Mjólkurbikarsins.

SJ

Leiðrétting

Í tölublaði 1157 af Jökli var m.a. grein um opnun myndlistarsýningar Svanborgar Tryggvadóttur í Útgerðinni, í fyrirsögn greinar-

innar misritaðist nafna Svanborgar og er beðist velvirðingar á því.

JÓ

Aðalfundur deilda Verkalýðsfélags Snæfellinga

verða haldnir fimmtudaginn 22. maí 2025
í samkomuhúsi Grundarfjarðar

- Sjómannadeild kl: 17:30
- Verslunardeild kl: 17:30
- Deild starfsmanna ríkis og sveitarfélaga kl 17:45
- Almenn deild kl 17:45



Fréttir frá Ólafsvíkirkirkju

Aðalfundur Ólafsvíkursóknar var haldinn mánudaginn 5. maí sl. Formaður stjórnar Baldvin Leifur Ívarsson flutti skýrslu stjórnar og sagði frá því sem er helst á döfinni. Þá sagði sr Ægir Þór Sveinsson frá góðu starfi kirkjunnar. Ragnheiður Víglundsdóttir gjaldkeri skírði frá reikningum kirkjunnar og kirkjugarðsins. Rekstur kirkjunnar var þungur og var hann í mínus árið 2024. Minni tekjur komu inn miðað við árið 2023 en þá var smá hagnaður.

Sóknargjöld eru nánast sömu og 2023 en alls eru 513 sóknar-

börn sem greiða til kirkjunnar. Sóknargjöld hafa mjög lítið hækk- að sl ár og er kr 14.352 á hvert sóknar barn á ári samkvæmt reikningi kirkjunnar. Þá fékk kirkjan hærri styrki árið 2023 sem munar talsvert um og bera að þakka fyrir.


Þá fóru fram kosningar til sóknarnefndar og þau fimm sem voru kosin í aðalstjórn eru Inga Fanney Jónasdóttir, Olga Guðrún Gunnarsdóttir, Ragnheiður Víglundsdóttir, Pétur Steinar Jóhannsson, og Þorsteinn Jakobsson. Stjórnin skipti með sér verkum og Olga Guðrún er formaður, Ragnheiður gjaldkeri og Pétur Steinar ritari. Baldvin Leifur Ívarsson sem var formaður gekk úr stjórn að eigin ósk. Honum voru þökkuð góð störf en hann mun verða stjórninni innanhandar með ýmislega hluti er lúta að starfi kirkjunnar.

Í varastjórn eru þau Guðrún Kolbrún Jóhannesdóttir, Stefanía Guðmundsdóttir sem eru ungar konur sem vilja taka þátt í starfi kirkjunnar. Þá eru Ólafur Vignir Sigurðsson, Guðríður Þórðar-

dóttir einnig í varastjórninni. Fram undan eru ýmis verkefni ss fá varmadælu til að bæta hitan í kirkjunni en rafmagnsofnarnir eru orðnir lélegir. Hljóðkerfið þarfnast líka endurbóta og einnig er komin tími á endurbætur á safnaðarheimilinu. Allt kostar þetta talsvert fé en kirkjan á góða velunnara í bæjarfélaginu og verður vafalaust leitað til þeirra sem og einstaklinga sem

aflögu eru færir. Þá má segja frá því að búið er að ráða mann til að slá kirkjugarðinn í Ólafsvík og á Völlum en það er Leó Örn Þrastarson. Að lokum má nefna það og byðja aðstandendur þeirra leiða í kirkjugarðinum sem eru í óhvirðu að koma og huga að þeim. Vel út-lítandi kirkjugarður er öllum bæjarfélögum til mikils sóma.

Pétur Steinar Jóhannsson



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Safnskipið Óðinn til Ólafsvíkur

Siglingaljósamastrið frá Japan

11. mars 2011 riðu stóru jarðskjálftarnir yfir í vestanverðu Kyrrahafi sem voru upptök flóðanna er lögðu byggðir á 400 km strandlengju í norðaustur Japan

að miklu leiti í rúst. Vikurnar eftir jarðskjálftann og flóðin gengust japanskar konur á Íslandi fyrir því að safna ullarflíkum til að senda til borganna Miyako og Kesennuma. Þetta verkefni tókst svo vel, að það var búið að senda um 6.000 ullarflíkur þegar yfir lauk. Þessu var ákaflega vel tekið í Japan og staðið myndarlega að úthlutun flíkanna, þar sem hleypa þurfti fólki inn í hollum, til að velja sér handprjónaðar íslenskar ullarpeysur, trefla, húfur og vettlinga. Ein konan sagði: „Að hugsa sér, kona á Íslandi prjónaði þessa peysu handa mér af því að hún vissi að mér var kalt“.

Árið 2013 kom Takeyoshi Kidoura framkvæmdastjóri skipasmíðastöðvar í Kesennuma til Íslands. Hann kom m.a. um borð í Óðin og gaf sér góðan tíma til að skoða skipið.

Árið 2020 var siglingaljósamastrið á framskipi Óðins orðið illa farið af ryði og mikið hafði verið margrætt um lausn á því máli. Einn daginn kom Kristinn Hallórsson um borð með hornmát, málband, blíant og blað, mældi mastrið og gerði vinnuteikningu af því.

Vinnuteikningin var send til Stálsmiðjunnar, pólskrar stöðvar og í bríarí kl. 22:30 að kvöldi til Mirai stöðvarinnar í Kesennuma og beðið um verð. Kl. 01:30 um nóttina hafði komið skeyti frá Kidoura þar sem hann sagðist ætla að skoða málið. Kl. 06:30 sama



Þáverandi ráðherra uppbyggingarmála eftir náttúruhamfarir í Japan, Sinako Chuchiya, sem á marga kunningja á Íslandi, kom við hjá Óðni ásamt Suzuki þáverandi sendiherra, sem er Óðinsmönnum að góðu kunnur, en þau voru þá á hraðferð til Grindavíkur að skoða náttúruhamfarirnar þar.

morgun kom annað skeyti frá Kidoura þar sem hann tilgreindi alla kostnaðarliði og heildarverð. En bætti svo við: „En þar sem að þetta er Óðinn þá langar mig til að gefa mastrið og setja núll á reikninginn ef ykkur er sama“. Svo bætti hann við: „Við getum ekki prjónað vettlinga, en við getum smíðað mastur“. Þessi maður sem reynt hafði heillar viku einangrun í rústum, kulda, vösbúð og allsleysi eftir jarðskjálftana og flóðin skildi vel hugsunina í hönnun þessa skips, þjónustu þess og sögu. Auðvitað var þetta góða boð með þökkum.

Þarna var Covid-19 skolið á og ekki hægt um vik að afhenda mastrið með formlegum hætti.

Það gerðist svo laugardag fyrir sjómannadag árið 2022 að forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, Kidoura og þrír samferða-

menn hans sigldu með Óðni til Grindavíkur,

þar var mastrið formlega afhent í viðurvist forseta Íslands, sendiherra Japans, bæjarstjóra

Grindavíkur, sóknarprests og fleiri framámanna bæjarins, ásamt fjölda fólks sem var á bryggjunni.

Egill Þórðarson



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Heiðursviðurkenning til kórfélaga

Sunnudaginn 18. maí verður mikið um að vera í Ólafsvíkurkirkju. Þá verður sameiginleg messa Ólafsvíkursóknar og Ingjaldshólssóknar og kórarnir munu syngja saman. Tilfnið er að þá mun Guðný Einarsdóttir skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar veita viðurkenningar til þeirra félaga sem hafa sungið í meira en 30 ár í kirkjukórum fyrrnefndra sókna.

Þetta er skjal sem er „Heiðurs-

viðurkenning fyrir framlag á sviði kirkjutónlistar“ og áritað með nafni hvers og eins kórfélaga. Það er undirritað af biskupi Íslands Guðrúnu Karls Helgudóttir og verður afhent í messunni.

Að henni lokinni verður boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu og eru allir velkomnir.

SJ

Hagkerfi heimabyggðar:

Hvernig þín viðskipti hafa áhrif



Við gerum okkur flest grein fyrir mikilvægi þess að halda verslun og þjónustu í heimabyggð - en hversu staðföst erum við í að fylgja því eftir? Hversu mikið leggjum við raunverulega upp úr því að viðskipti haldist innan samfélagsins okkar?

Viðskipti í heimabyggð stuðla almennt að sjálfbærni, þar sem þau hafa jákvæð áhrif á þrjár grunnstoðir hennar: samfélagið, efnahaginn og umhverfið.

Hugtakið „heimabyggð“ er afstætt, allt eftir því hvernig hver og einn lítur á umhverfi sitt. Er heimabyggðin bundin sveitarfélagsmörkum? Nær hún yfir nágrannasveitar-

félög? Landshlutann? Eða jafnvel allt landið? Telst það stuðningur við heimabyggð að versla í stórfyrirtæki í heimabænum, eða er það fremur að versla í rótgrónu íslensku fyrirtæki í næsta bæjarfélagi? Hvort tveggja styður við verslun á svæðinu en getur þó haft mismunandi áhrif. Það sem við þurfum að leitast við er að velja þá kosti sem styrkja staðbundna starfsemi meira en aðila sem hafa lítil eða engin félagsleg og efnahagsleg áhrif á nærumhverfið.

Ekki er allt gull sem glóir

Lítill, staðbundin og oft fjölskyldurekin fyrirtæki eru hryggjarstykki landsbyggðarinnar. Þau einkennast af persónulegri þjónustu og sterkum hefðum, auk þess sem þau mæta þörfum samfélagsins með nýsköpun og sköpunargáfu. Þegar við styðjum við staðbundið frumkvöðlastarf, stuðlum við að blómlegu umhverfi fyrir tækja og samfélags þar sem fjármagn helst innan svæðisins og allir njóta góðs af.

Þessi persónulega þjónusta í

smærri byggðum er verðmæt og í raun ómetanleg. Þó er þróunin á þann veg að fleiri og fleiri velja að versla vörur á netinu. Það getur auðvitað verið hentugt, sérstaklega þegar vöruúrval er takmarkað í nærumhverfinu eða kostnaður lægri annars staðar. En þegar samfélagið í heild fer að treysta alfarið á vörur og þjónustu utan svæðisins, jafnvel erlendis frá, þá lækkar þjónustustigið í nærumhverfinu. Það kann að hljóma klisjukennt, en saman getum við spornað gegn þessari þróun og tryggt að þjónusta og lífsgæði haldist á landsbyggðinni.

Grænni valkostir á heimavelli

Viðskipti í heimabyggð hafa einnig verulegan umhverfislegan ávinning. Þegar við verslum staðbundið dregur það úr flutningsfjarlægð, eldsneytisnotkun og þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Að auki hafa lítil, staðbundin fyrirtæki stundum minna umhverfisfótspor og tileinka sér sjálfbærari aðferðir, eins og að nota vistvæn efni og hráefni úr heimabyggð og að styðja hringrásarhagkerfið með endurnýtingu og endurvinnslu. Á móti koma stærri keðjur, sem setja fjöldaframleiðslu í fjarlægum löndum og miklar umbúðir í forgang, oft á kostnað umhverfisins.

Félagshagfræðileg áhrif - samfélagið í forgang

Viðskipti í heimabyggð hafa líka mikil félagsleg og efnahagsleg áhrif. Í sumum tilfellum byggja samfélög á landsbyggðinni afkomu sína nánast alfarið á örfáum fyrirtækjum sem halda tannhjólunum gangandi. Viðskipti í heimabyggð skapa atvinnu, skila skatttekjum í formi útsvars, fasteignagjalda og styrkja til félagsstarfs. Þau laða einnig að sér nýja íbúa og sérhæfða starfskrafta, sem geta eflt atvinnulífið og samfélagið í heild.

Við getum litið á tvö nærtæk dæmi:

Sviðsmynd 1: Einstaklingur fær vinnu í verslun á Snæfellsnesi og flytur þangað með fjölskyldu sinni. Makinn, sem hefur færni sem samfélagið hefur skort, fær starf hjá sveitarfélaginu. Fjölskyldan tekur virkan þátt í íþróttastarfi og félagsamtökum, sem styrkir samfélagið

enn frekar.

Sviðsmynd 2: Stórfyrirtæki kemur inn á svæðið og býður upp á vörur sem áður voru seldar af rótgrónum fjölskyldufyrirtækjum. Með lægri verðum, meiri markaðssetningu og meiri sveigjanleika í fjárförf hrekur það smærri fyrirtækin úr rekstri. Eftir nokkur ár breytist rekstrarstefna stórfyrirtækisins, störfum fækkar og fólk flytur á brott. Lífsgæðin í bænum dala og fjölbreytni atvinnulífsins minnkar.

Viðlíka atburðarás er því miður kunnugleg í mörgum samfélögum á landsbyggðinni.

Á síðustu árum hefur störfum fækkað hjá opinberum stofnunum, bönkum og tryggingafélögum á Snæfellsnesi, en þrátt fyrir það býr svæðið enn við gott úrval smærri verslana og þjónustu þó eitthvað hafi verið um breytingar eða lokanir. Þessar staðbundnu verslanir bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval og þjónustu sem er aðgengileg í næsta nágrenni, sem styrkir bæði samfélagið og efnahag svæðisins. Smærri aðilar, eins og bakarí, veitingastaðir, byggingarvöruverslanir og prentþjónusta veita íbúum tækifæri til að versla án þess að þurfa að fara langar leiðir. Ef þessi fyrirtæki fá stuðning frá íbúum, eru þau mikilvægur hlekkur í lífsgæðum á svæðinu og stuðla að atvinnu, þjónustu og sjálfbærni á staðnum.

Að standa vörð um heimabyggðina

Viðskipti í heimabyggð eru ekki aðeins spurning um hagkerfi – þau snúast um lífsgæði, samfélagsanda og framtíðarsýn. Með því að velja staðbundna þjónustu og vörur eflum við atvinnulífið en um leið eflum við samfélagið og lágmörkum umhverfisáhrif, sem færir okkur nær sjálfbærara samfélagi. Á endanum er það okkar ákvörðun: Viljum við styðja nærumhverfið okkar – eða færa völdin í hendur stórfyrirtækja sem hafa engin tengsl við samfélagið? Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur. Bíðum ekki með að velja verslun og þjónustu í heimabyggð, því við gætum lent í þeirri stöðu að hafa ekki það val!

Guðrún Magnea Magnúsdóttir, verkefnastjóri EarthCheck vottunar á Snæfellsnesi



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

VORTÓNLEIKAR

Tónlistarskóla Snæfellsbæjar 2025

verða haldnir sem hér segir:

Mánud. 19. maí kl. 17:00 í Klifi

Þriðjud. 20. maí kl. 17:00 í Klifi

Miðvikud. 21. maí kl. 13:00 í Lýsuhólsskóla

Enginn aðgangseyrir er á tónleikana.

Eftir tónleika í Klifi verður Foreldra- og styrktarfélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar með kaffi, djús og kökur til sölu.

ATH. Ágóði af kaffisölu fer í styrktarsjóð til kaupa á hljóðfærum.

Tónleikar fullorðinna nemenda

við Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða haldnir í húsnæði skólans í **Ólafsvík 16. maí kl. 16:30.**

Tónlistarskólakennarar og skólastjóri þakka samstarfið í vetur og óska íbúum gleðilegs sumars.



Sýn til Kirkjufells í hjarta Grundarfjarðar

Einstakur byggingarréttur fyrir verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði

Grundarfjarðarbær leitar eftir kauptilboðum í byggingarrétt á Miðbæjarreit með góðu útsýni til eins frægasta fjalls í heimi, Kirkjufells.

Miðbæjarreitirinn er vel staðsettur í hjarta miðbæjarins á megingatnamótum við Grundargötu, sem er þjóðleið um Snæfellsnes. Gegnt reitnum er heilsugæsla, kjörbúð, verslanir Lyfju og Vínubúðarinnar, bókasafn bæjarins o.fl.

Gert er ráð fyrir húsnæði fyrir blandaða starfsemi, annars vegar þjónustu og/eða atvinnustarfsemi á jarðhæð og mögulega einnig á efri hæðum og hins vegar íbúðum, einkum á efri hæðum. Bent er á þann möguleika að koma fyrir í húsinu íbúðum til skammtímaleigu.

Leitað er að kaupanda eða fasteignapróunaraðila sem er tilbúinn til að gera samning um kaup á byggingarrétti á Miðbæjarreitnum. Kaupandi komi að gerð deiliskipulags og sjái um hönnun, byggingu húsnæðisins, fjármögnun uppbyggingar, eignarhald og/eða sölu.

Í Grundarfirði er öflugt og kraftmikið samfélag, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandi menningarstarfsemi. Íþróttastarf er öflugt, heilsugæsla, bókasafn, verslanir, kaffihús, veitingastaðir, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Grundarfjarðarhöfn er helsta farþegaskipahöfn á Snæfellsnesi.

Kirkjufell er eitt frægasta fjall í heimi og mest ljósmyndaða fjall landsins, sem laðar að gesti, árið um kring. Grundarfjörður er vaxandi útivistarparadís, með flott gönguland, golfvöll, reiðvöll, skíðasvæði, mótorkrossbraut, skotsvæði auk einstakra tækifæra til siglinga og kajakróðurs.

Stærð lóðarinnar er um 2.580 m². Talið er mögulegt að reisa um 2.300 m² byggingu á reitnum. Bygging á reitnum verði 3 hæðir með möguleika á inndreginni 4. hæð. Ríkar kröfur eru gerðar til viðsemjenda hvað varðar reynslu, hæfi og getu til að vinna verkefnið.

Tilboðum í byggingarrétt á Miðbæjarreitnum má skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour, sjá www.grundarfjordur.is. Einnig er heimilt að skila tilboðum inn á bæjarskrifstofur Grundarfjarðarbæjar, Borgarbraut 16 í lokuðu umslagi við opnun tilboða.

Allir sem hyggjast taka þátt í útboðinu þurfa að skrá sig á útboðskerfið Ajour fyrir opnun tilboða á www.grundarfjordur.is.



Opnun tilboða verður fimmtudaginn 5. júní, 2025 kl. 13. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Grundarfjarðarbæjar: www.grundarfjordur.is



Grundarfjarðarbær
www.grundarfjordur.is